

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 18. september 2009

Beiðni SA: viðræður um sameiningu við VÍ

Stjórn Viðskiptaráðs barst bréf frá framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins á mánudaginn síðasta þar sem óskað var eftir viðræðum um sameiningu samtakanna. Í bréfinu kom fram að markmið sameinaðra heildarsamtaka væri þrjúþætt, þ.e. að efla samtök atvinnurekenda, að virkja betur kraft og frumkvæði þeirra til beinnar þátttöku í endurreisn atvinnulífsins svo og að auka skilvirkni í rekstri þeirra.

Það er afstaða stjórnar VÍ að verði frekara samstarf eða sameining samtakanna til þess fallin að skjóta styrkari stoðum undir meginmarkmið Viðskiptaráðs, þ.e. að treysta hagsmunum atvinnulífs og efla samkeppnishæfni hagkerfisins, er rétt að kanna slíkt nánar. Var þetta meginintak í svarbréfi Viðskiptaráðs.

Stjórnir samtakanna munu á næstu dögum og vikum kanna nánari grundvöll frekara samstarfs eða sameiningar.

Bréf SA má nálgast [hér](#).

Svarbréf Viðskiptaráðs má nálgast [hér](#).

Breytt leikskipulag nauðsynlegt

Þó núverandi staða íslensks efnahagslífs sé vissulega bág er brýnt að virða ekki að vettugi það sem þegar hefur áunnist á undanförunum vikum og misserum. Þannig er búið að finna mörgum þeim brýnu úrlausnarmálum sem fylgdu í kjölfar falls bankanna ákveðinn farveg, en þar bera hæst samningar við kröfuhafa gömlu bankana, endurfjármögnun nýju bankana og úrlausn Icesave málsins. Þótt eðlilega séu skiptar skoðanir um efnislegt ágæti þessara aðgerða þá hefur verulega létt á þörfinni fyrir þá varnarbaráttu sem einkennt hefur aðgerðir stjórnvalda til þessa.

Betur má ef duga skal. Framundan eru viðamikil og erfið verkefni sem eru órjúfanlegur hluti af enduruppbyggingu íslensks efnahagslífs. Bágborin staða ríkissjóðs, skuldavandi heimila og illfært rekstrarumhverfi fyrirtækja eru þar efst á baugi. Þessi verkefni má nálgast á ýmsa vegu, en aðferðafræðin mun án efa skipta miklu um framgang þeirra og árangur. Í stað þess að þetta frekar vörnina og treysta á að færi á bættum aðstæðum skapist von bráðar er nú lag að breyta leikskipulaginu, skapa þessi færi og nýta þau með markvissum hætti. Að auki væri ekki úr vegi að láta af

hugmyndafræðilegum, pólitískum og persónulegum ágreiningi eins og kostur er og fjölga þannig frekar í sóknarliðinu.

Breytt viðhorf til verkefnanna framundan er þema morgunverðarfundar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands undir yfirskriftinni *Endurreisn: Sóknarfæri og samkeppnishæfni*. Nánari upplýsingar um fundinn má nálgast [hér](#).

Skuldavandinn – sýn Seðlabankans

Málstofa var haldin þriðjudaginn síðastliðinn hjá Sí um endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja. Slíkar aðgerðir gegna lykilhlutverki í að skjóta styrkum stoðum undir efnahagsbata, lífvænlegt bankakerfi og samfélagslega sátt, en ljóst er af umfjölluninni að tímasetning, mótun og framkvæmd slíkrar endurskipulagningar er vandasöm og aðkomu ríkisins eru settar þröngar skorður.

Í erindinu kom fram að íslenska fjármálakreppan minnir um margt á aðrar kerfislægar kreppur. Það sem greinir Ísland þó frá er mikil stærð bankakerfisins og umfang skuldsetningar einkaaðila í samanburði við hagkerfið sjálft. Ljóst að er þau hlutföll sem hér voru fyrir bankahrún eiga sér vart fordæmi annars staðar. Það er því ljóst að endurskipulagning skulda fer fram við afar krefjandi aðstæður hérlendis. Ákveðnir eðlisþættir hagkerfisins vinna þó með Íslandi, s.s. smæð þess, sveigjanleiki og vinnusemi.

Það er reynsla annarra ríkja að stjórnvöld þurfi að sýna afgerandi og skipulögð viðbrögð við aðstæður sem þessar. Án aðgerða er lúta að endurskipulagningu skulda einkaaðila er veruleg hættu á að vítahringur gjaldþrota, greiðsluferfiðleika og atvinnuleysis hafi langvarandi skaðleg áhrif á framleiðslu og atvinnu sem grafi undan endurreisn fjármálakerfisins, seinki efnahagsbata og auki þar með kostnað vegna kreppunnar auk þess sem samfélagslegri sátt getur verið stefnt í voða.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki kynnt með skýrum hætti hvernig þau hyggjast nálgast núverandi skuldavanda. Aðgerðirnir hafa fram til þessa að mestu verið bundnar við veitingu greiðslafresta, yfirtöku skuldsettra fyrirtækja og undirbúnings á stofnun eignaumsýslufyrirtækis ríkisins.

Líklegt má telja að stjórnvöld muni að mestu leyti byggja á beinu samstarfi lántaka og kröfuhafa (í flestum tilfellum ríkisbankanna) við úrlausn skuldavandans en bæta við takmörkuðum almennum stuðningsaðgerðum.

Rétt er að undirstrika þá lykilþætti sem bent er á í umfjölluninni sem grundvöll þess að endurskipulagning skulda heppnist í beinu samstarfi lántaka og kröfuhafa. Í fyrsta lagi er mikilvægt að

bankar hafi nægjanlegt eiginfjársvigrúm til að þeir hafi svigrúm til að endurskipuleggja skuldir. Í þessu samhengi mun vafalítið gagnast sú varúðarfærsla sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað við tilfærslu eigna úr gamla í nýja bankakerfið. Í öðru lagi er mikilvægt að stofnanaumgjörðin feli í sér raunverulegan hvata fyrir bæði lántaka og kröfuhafa til að taka virkan þátt í endurskipulagningu skulda. Er það einkum verið að vísa til gjaldþrotalöggjafar og reglna um reikningshald fjármálafyrirtækja. Að lökum er mikilvægt að koma í veg fyrir að tengsl skuldunautar við lánveitanda geti haft óæskileg áhrif á endurskipulagningu skulda. Hvað þetta varðar er nauðsynlegt að viðhöfð verði gagnsæ og samræmd vinnubrögð við skuldaúrvinnslu þar sem öll fyrirtæki koma jöfn að borði.

Viðskiptaráð tekur undir þann málflytning sem fram kemur í erindinu og þá sérstaklega mikilvægi þess að byggja á reynslu annarra ríkja sem lent hafa í sambærilegum aðstæðum.

Glærurnar má nálgast [hér](#).

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Væntingar þýskra fjárfesta hafa ekki verið meiri í rúm þrjú ár** skv. nýlegum niðurstöðum þýskrar vísitölu þess efnis.
- **Að mati Seðlabanka Japans þá hafa aðgerðir til eflingar efnahagslífs þar í landi borið árangur og batamerki eru sjáanleg**, en bankinn hélt stýrivöxtum sínum í 0,1% nú um daginn.
- **Með upptöku rafrænna innkaupa geta Íslendingar sparað um 11 ma. kr.** eða sem nemur 0,8% af VLF, en fjallað var um þetta á aðalfundi [Icepro](#) í sumar.
- **Endurfjármögnun Íslandsbanka og uppgjöri milli gamla og nýja bankans er nú lokið** og voru samningar þess efnis undirritaðir síðustu helgi.
- **Mervyn King seðlabankastjóri Englands telur að merki séu um vöxt breska hagkerfisins á 2. ársfjórðungi**, en þróun húsnæðisverðs og verðbólgu var hagfelld á tímabilinu.
- **Gert er ráð fyrir 0,2% hagvexti á ESB og Evru svæðinu á þriðja ársfjórðungi** eftir samdrátt ársfjórðungana á undan, skv. spá Evrópusambandsins.
- **Einkaneysla jókst um 2,7% í Bandaríkjunum í ágúst**, en Ben Bernanke seðlabankastjóri Bandaríkjanna taldi þetta gefa til kynna að samdráttarskeiðinu þar vestra væri lokið.
- **Uppbyggingu kísilverksmiðju í Helgúvík og rafræns gagnavers að Ásbrú miðar áfram**, en Umhverfisstofnun gaf nýverið út tilskilin leyfi fyrir starfsemi þeirra.

- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð lækkar áfram**, en álagið stendur nú í rúmum 382 punktum sem er rúmlega 30 punkta lækkun frá því í síðustu viku.
- **Íslensk fyrirtæki halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi**, en Mannvit verkfræðistofa vinnur nú að verkefni í Ungverjalandi sem felur í sér framleiðslu á grænni orku til húshitunar fyrir tugþúsunda heimila.
- **Borgarleikhúsið hefur sett met í sölu áskriftarkorta** en 6.000 áskriftarkort seldust á fyrstu þremur vikum sölutímabilsins.

Góða helgi.